

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2008

Quarterly national accounts, 4th quarter 2008

Samantekt

Landsframleiðsla er talin hafa dregist saman um 0,9% að raungildi frá 3. ársfjórðungi 2008 til 4. ársfjórðungs 2008. Á sama tíma drógust þjóðarútgjöld saman um 14% þar sem einkaneysla dróst saman um 15% og fjárfesting um tæplega 14%. Samneysla óx hins vegar um 2,4% frá 3. ársfjórðungi 2008 til 4. ársfjórðungs. Þá er talið að útflutningur hafi vaxið um 1,5% en innflutningur hafi dregist saman um tæplega 33%. Þessar tölur eru árstíðaleiðréttar og miðast við vöxtinn milli ársfjórðunga, ekki ára. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður er landsframleiðslan talin hafa dregist saman um 1,5% á 4. ársfjórðungi 2008.

Verulega minni innflutningur olli því að afgangur varð á vöru- og þjónustuviðskiptum á 4. ársfjórðungi 2008 og því dróst landsframleiðslan mun minna saman en þjóðarútgjöld.

Vegna bankahrunsins og efnahagskreppunnar héraendis og í umheiminum eru þær tölur sem hér birtast fyrir 4. ársfjórðung 2008 háðar nokkru meiri óvissu en endranær.

Tafla 1. Yfirlitstafla
Table 1. Overview

	Verðlag ársins millj. kr. Current prices million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %		Magnbreyting frá fyrra ársfj., % ¹ Volume change from previous quarter, % ¹		
		1.-4. ársfj		3. ársfj.		
		4. ársfj.	4. ársfj.	1 st -4 th quarter	3. ársfj.	4. ársfj.
		4 th quarter	4 th quarter	quarter	3 rd quarter	4 th quarter
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	185.523	-23,8	-7,7	-1,9	-15,0	
Samneysla <i>Government final consumption</i>	96.386	3,6	2,8	-0,3	2,4	
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	90.869	-24,8	-21,8	-0,1	-13,6	
Birgðabreytingar ² <i>Changes in inventories²</i>	-5.654	-1,0	-0,4	
Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	367.124	-18,8	-9,3	3,3	-14,0	
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	194.815	-9,2	7,1	-4,5	1,5	
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-162.630	-47,1	-18,0	-3,3	-32,9	
Verg landsframleiðsla <i>GDP</i>	399.309	-1,5	0,3	2,9	-0,9	

¹ Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

² Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*




Minni einkaneysla

Einkaneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa dregist saman um 15% frá 3. ársfjórðungi 2008 til 4. ársfjórðungs sama árs. Þetta er mesti samdráttur sem orðið hefur milli samliggjandi ársfjórðunga frá árinu 1997. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður dróst einkaneysla saman um 23,8% á milli ára og hefur samdrátturinn ekki orðið svo mikill eftir að gerð ársfjórðungsreikninga hófst árið 1997.

Mynd 1. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 1. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2008. Raunbreytingar frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2007–2008. Change from the previous quarter.

Fjárfesting dróst verulega saman

Fjárfesting hélt áfram að dragast saman og er hún talin hafa minnkað um 13,6% á 4. ársfjórðungi 2008 frá 3. ársfjórðungi sama árs. Samdráttur var í öllum undirlitum fjárfestingar í ársfjórðungnum. Árstíðaleiðréttar tölur sýna að fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 15,4%, fjárfesting atvinnuveganna um 13,8% og fjárfesting hins opinbera um 11,2%, miðað við breytingu á milli 3. og 4. ársfjórðungs 2008. Óárstíðaleiðréttar tölur sýna 24,8% samdrátt fjárfestingar á 4. ársfjórðungi miðað við sama ársfjórðung árið áður. Tölur um íbúðafjárfestingu eru nú sem fyrr byggðar á gögnum frá Fasteignaskrá Íslands. Að undanförunu hefur Fasteignaskráin unnið að breytingum á öflun og úrvinnslu þessara gagna. Ekki er ljóst hvort niðurstöður úr þessari úrvinnslu fyrir árið 2008 séu með öllu sambærilegar við fyrri ár og hefur Hagstofan því ákveðið til bráðabirgða að gera ráð fyrir talsvert meiri samdrætti í íbúðafjárfestingu en ráða má af tölum Fasteignaskrár.

Samdráttur þjóðarútgjalda


Samneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa aukist um 2,4% frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 2008. Þetta er nokkru meiri vöxtur en verið hefur á undanförunum ársfjórðungum. Óárstíðaleiðréttar tölur í fjórðungnum sýna 3,6% vöxt frá sama fjórðungi árið áður. Samdráttur í einkaneyslu og fjárfestingu veldur því að þjóðarútgjöld (árstíðaleiðrétt) eru talin hafa dregist saman um 14,0% á 4. ársfjórðungi miðað við 3. ársfjórðung 2008.

Útflutningur eykst en innflutningur dregst saman

Vöruútflutningur jókst um 2,3% frá 3. ársfjórðungi 2008 til hins fjórða en útflutningur á þjónustu dróst saman um 0,6%. Í heildina jókst útflutningur (árstíðaleiðréttur) um 1,5% á 4. ársfjórðungi 2008 frá 3. ársfjórðungi 2008. Innflutningur á vöru dróst saman um 34,9% og innflutningur á þjónustu um 29% á 4. fjórðungi ársins frá þeim þriðja. Í heild dróst innflutningur saman um 32,9% á fjórðungnum.

Mynd 2. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 2. GDP, volume changes on same quarter in the previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2008. Preliminary figures 2007–2008.

Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum

Mikill samdráttur í innflutningi olli því að afgangur varð á vöru- og þjónustuviðskiptum á 4. ársfjórðungi 2008. Þetta er mikil breyting frá því sem verið hefur en halli hefur verið á vöru- og þjónustuviðskiptum frá árinu 2003. Þessi bati veldur því að landsframleiðsla á 4. ársfjórðungi er talin dragast saman um einungis 0,9% þrátt fyrir 14% samdrátt þjóðarútgjalda.

Mynd 3. Landsframleiðsla, keðjutengt verðmæti, viðmiðunarár 2000

Figure 3. GDP, chain-volume measures, reference year 2000



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2008. Preliminary figures 2007–2008.

Birgðabreytingar

Á 4. ársfjórðungi er reiknað með rösklega 1 milljarðs minnkun sjávarafurðabirgða til þess að ná ásættanlegu samræmi milli afla- og framleiðslubreytinga. Birgðabreytingar á rekstrarvörum til álframleiðslu eru einnig reiknaðar sérstaklega og er þá tekið mið af framleiðslu á áli eftir ársfjórðungum og líklegri notkun rekstrarvöru til samanburðar við innflutning á rekstrarvöru í hverjum ársfjórðungi.

Hagvöxtur á árinu 2008


Landsframleiðslan árið 2008 er talin hafa numið 1.465 milljörðum króna borið saman við 1.301 milljarð árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi á árinu um 0,3%.

Alþjóðlegur samanburður

Á Norðurlöndunum, öðrum en Noregi, í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum dróst landsframleiðslan saman á fjórða ársfjórðungi 2008 eins og á Íslandi.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly GDP volume growth in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2007–2008. Preliminary figures 2007–2008.

Árstíðaleiðrétt, raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi. Seasonally adjusted, change on the previous quarter.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Keðjutenging

Árleg keðjutenging var tekin upp í þjóðhagsreikningum á Íslandi árið 2005 en í því felst að raunbreytingar þjóðhagsstærða eru reiknaðar á föstu verði næstliðins árs. Fyrir þann tíma var miðað við fast verð tiltekins árs (grunnárs) við útreikning á magnbreytingum. Kosturinn við keðjutengingu er sá að hún gefur nákvæmari mynd af breytingu á milli ára þar sem magnbreytingin er nú reiknuð sem breytingin á föstu verði fyrra árs í stað grunnárs. Ókostur eldri aðferðar er sá að notkun grunnárs veldur ónákvæmni því lengra sem líður á milli grunnársins og þess árs sem verið er að reikna. Keðjutenging hefur aftur á móti þann ókost að samtölur stemma ekki við undirliði.

FISIM (reiknuð bankaþjónusta)

Í þjóðhagsreikningum er þjónusta bankakerfisins (FISIM) metin á tiltölulega flókinn hátt. Þessum aðferðum er meðal annars lýst í Hagtíðindum um landsframleiðsluna frá því í mars 2006. Ekki eru enn tiltæk mikilvæg gögn um lánastofn innlána og útlána á 4. ársfjórðungi og því byggt á lauslegum áætlunum. Líklegt er að mat á bankaþjónustu geti tekið talsverðum breytingum þegar tölur um lánastofninn á 4. ársfjórðungi liggja fyrir.

Ítarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

<i>Endurbætt árstíðaleiðrétting</i>	Aðferðir við árstíðaleiðréttingar hafa verið endurbættar í samræmi við ráðleggingar vinnuhóps á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins. Árstíðaleiðrétting summuliða (eins og þjóðarútgjalda og landsframleiðslu) er gerð með því að tengja saman árstíðaleiðréttu undirliði en ekki með því að leiðréttu viðkomandi heildarniðurstöður. Samhliða þessari breytingu eru nú birtar á vefnum árstíðaleiðréttar tölur fyrir alla undirliði landsframleiðslunnar og árstíðaleiðréttar tölur birtar á verðlagi hvers árs.
<i>Tölur um 1. ársfjórðung 2009 verða birtar í júní 2009</i>	Tölur um landsframleiðsluna á 1. ársfjórðungi 2009 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 8. júní 2009.

English summary

In real terms, seasonally adjusted GDP in the 4th quarter of 2008 decreased by 0.9% from the previous quarter. Over the same period total domestic expenditure decreased by 14.0% in real terms, where household final consumption decreased by 15.0% and gross fixed capital formation by 13,6% while government final consumption increased by 2,4%. Exports rose by 1.5% while imports decreased by 32.9% in the 4th quarter of 2008 as compared with the 3rd quarter 2008. The considerably lower decline in GDP compared to the total domestic expenditure is explained by the improved balance of trade of goods and services.

Gross fixed capital formation decreased by 13.6% in the 4th quarter from the previous quarter, led by a 15.4% reduction in residential construction. Business sector investment fell by 13.8% and government services investment fell by 11.2%.

In this issue of Statistical Series Statistics Iceland presents revised seasonally adjusted series of quarterly national accounts. The revision is based on recommendations from task force within Eurostat and ECB.

National accounts for the 1st quarter of 2009 will be published on the 8th of June 2009.

Tafla 2. Landsframléiðsla eftir ársfjórðungum 2004–2008*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2004–2008*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framléiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, millj. króna <i>Million ISK at current prices</i>								
2004	530.672	232.962	218.477	-918	981.194	316.903	-369.208	928.889
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	123.458	56.972	47.449	3.412	231.291	73.098	-79.477	224.912
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	132.866	58.327	54.455	-1.108	244.540	75.170	-94.661	225.049
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	132.135	59.315	56.719	-3.595	244.574	90.028	-96.896	237.706
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	142.213	58.347	59.854	374	260.788	78.607	-98.174	241.221
2005	610.638	252.617	291.265	-862	1.153.657	323.924	-451.300	1.026.281
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	139.625	60.953	59.707	4.068	264.352	72.540	-95.460	241.432
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	156.205	63.073	68.396	-4.904	282.769	88.181	-116.062	254.889
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	152.902	64.403	82.345	2.093	301.742	87.844	-122.337	267.250
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	161.906	64.188	80.818	-2.119	304.793	75.359	-117.442	262.711
2006	682.251	285.371	397.634	13.498	1.378.754	374.056	-584.622	1.168.188
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	160.869	68.829	87.005	3.686	320.389	77.906	-124.039	274.256
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	176.191	71.325	96.253	792	344.560	102.604	-157.082	290.081
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	168.329	72.102	101.737	6.765	348.933	103.650	-151.612	300.971
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	176.863	73.114	112.639	2.255	364.871	89.897	-151.889	302.880
2007¹	754.587	316.829	364.501	6.626	1.442.543	449.718	-590.851	1.301.410
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	170.539	77.398	80.697	1.546	330.180	109.376	-133.970	305.586
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	191.837	79.308	95.477	1.100	367.723	106.154	-148.994	324.883
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	189.971	79.432	102.596	4.089	376.088	105.939	-145.782	336.244
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	202.240	80.690	85.731	-109	368.551	128.249	-162.105	334.695
2008¹	793.849	360.025	350.438	3.255	1.507.567	655.053	-697.555	1.465.065
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	198.449	84.065	79.578	798	362.890	112.580	-150.291	325.178
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	209.679	88.187	83.895	-6.749	375.012	173.125	-187.038	361.099
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	200.198	91.387	96.096	14.860	402.542	174.532	-197.596	379.479
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	185.523	96.386	90.869	-5.654	367.124	194.815	-162.630	399.309

Skýring *Note:* Frá 1. ársfjórðungi 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2004–2008

Table 3. Annual GDP volume growth 2004–2008

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2004	7,0	2,2	28,1	0,1	9,9	8,4	14,5	7,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,7	2,3	23,4	0,6	9,0	4,9	17,0	4,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,9	2,8	29,6	-0,3	9,9	6,1	13,9	7,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,6	2,9	23,3	-1,8	6,8	10,3	7,6	7,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,6	0,9	35,9	1,8	14,0	12,3	20,6	11,2
2005	12,9	3,5	35,7	0,0	15,8	7,0	29,3	7,3
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	9,8	2,8	24,7	0,4	11,3	1,7	24,1	3,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	15,6	3,7	26,2	-1,8	13,5	21,6	27,4	10,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	14,2	3,3	49,0	2,4	22,3	3,3	34,3	10,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	12,0	4,4	40,6	-1,0	15,8	2,5	30,4	5,6
2006	3,9	4,0	21,7	1,1	9,4	-4,9	10,4	4,5
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	11,4	4,2	41,4	-0,2	16,1	0,6	26,4	7,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,7	2,8	25,9	2,2	11,7	-6,6	12,5	4,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	4,2	7,5	1,0	3,9	-6,2	0,2	2,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,0	4,7	18,3	1,4	7,0	-6,7	6,0	3,8
2007²	5,6	4,2	-12,8	-0,6	-0,6	17,7	-1,0	5,5
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	-1,4	4,2	-18,3	-0,9	-5,9	15,5	-8,7	2,1
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	4,7	4,6	-3,3	0,1	2,3	6,3	-0,8	5,3
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	9,4	3,6	-1,0	-0,7	4,7	5,7	0,9	7,2
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	9,7	4,4	-27,1	-1,0	-3,4	46,6	4,1	7,2
2008²	-7,7	2,8	-21,8	-0,4	-9,3	7,1	-18,0	0,3
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	8,3	2,8	-7,6	-0,3	3,0	-0,8	-0,7	3,2
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	-3,9	3,1	-27,2	-1,9	-10,2	24,0	-10,1	1,2
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	-9,3	1,6	-25,5	1,6	-10,1	17,6	-10,2	-1,2
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	-23,8	3,6	-24,8	-1,0	-18,8	-9,2	-47,1	-1,5

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.

² Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2004–2008, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2004–2008*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>							
2004							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	1,2	19,7	8,7	7,8	6,1	9,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,4	0,8	6,5	-0,1	-7,0	3,8	-3,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,4	0,7	-3,4	-0,5	12,0	0,9	3,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,8	-1,6	10,5	5,8	0,2	8,1	2,9
2005							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,0	2,8	9,0	5,8	-2,2	7,9	2,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,0	1,7	8,6	1,6	10,1	9,1	1,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,2	0,4	15,6	7,9	-3,7	6,8	4,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,5	-0,4	3,0	0,1	-1,1	3,4	-2,0
2006							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,2	2,4	8,0	5,6	-4,3	3,6	3,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,7	0,4	-2,1	-2,3	1,2	-1,4	-1,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-1,4	1,9	-1,5	0,6	-1,8	-5,0	2,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,1	-0,0	13,8	3,2	-1,2	9,2	-0,6
2007¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	1,0	1,8	-24,3	-6,7	16,2	-10,2	2,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	3,8	0,8	14,1	5,6	-6,4	6,5	0,8
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	3,4	1,1	0,3	3,1	0,1	-3,2	5,1
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	1,2	0,6	-16,1	-5,0	32,1	12,4	-1,0
2008¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-0,3	0,3	-3,1	-0,4	-19,6	-14,3	-1,6
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	-8,3	1,1	-10,3	-8,2	17,0	-3,9	-1,6
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-1,9	-0,3	-0,1	3,3	-4,5	-3,3	2,9
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	-15,0	2,4	-13,6	-14,0	1,5	-32,9	-0,9

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar** Statistical Series **National accounts**

94. árgangur nr. 15

ISSN 0019-1078

2009:2

ISSN 1670-4657 (pappír paper) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 900 Price EUR 7

Umsjón Supervision Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir • gudrun.gudmundsdottir@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

Bréfasími Fax +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series